


„Fiskurinn borinn heim á bakinu“

- Viðtal við Guðmund á Bala á Stafnesi

Á Bala á Stafnesi búa hjónin Guðrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðmundsson, en á Bala hafa þau átt heima síðan þau voru 12 ára gömul. Þau eru jafnaldrar, fædd árið 1902, og fermingarsystkini, fermd á Útskálum 1916, en þau giftu sig 1925 og hafa síðan búið að Bala, að undanskildum einum vetri er þau bjuggu í Keflavík. Þau eignuðust 8 börn og eru 7 þeirra á lífi og búa þau ýmist í Sandgerði eða Keflavík, nema einn sonur þeirra sem býr í foreldrahúsum. Þann tíma sem Guðrún og Guðmundur hafa búið á Bala hefur oft verið mikið um að vera þar, enda var þar bæði stundaður landbúnaður og sjósókn og þá um leið fiskverkun, en að auki hefur Guðmundur starfað í sóknarnefnd Hvalsneskirkju um 25 ára skeið. Í lok fyrstu viku á aðventu heimsótti blaðamaður Víkur-fréttu Guðmund og tók hann tali, og eins og sjá má á árangrinum sem hér birtist, hafði hann frá ýmsu fróðlegu að segja.



„Brauðstrit var margfalt meira áður fyrr,“ segir Guðmundur á Bala.

Gengu daglega að Útskálum viku fyrir fermingu

„Ég er fæddur föstudaginn fyrstan í vetri, sem bar þá upp á 30. október 1902, að Hrauni í Grindavík, en hingað kom ég 1914, er móðir mín lést,“ sagði Guðmundur, er við spurðum hann hvenær hann væri fæddur. Ástæðan fyrir því að hann flutti að Bala þegar móðir hans lést var, að Daði Jónsson, sem síðar tók hann í fóstur, var kvæntur föðursystur hans og bjó að Bala. Áður en hann flutti frá Grindavík gekk hann 2 vetur í skóla hjá Tómasi Snorrasyni.

Guðrún er fædd 12. júní 1902 að Akrahóli í Stafneshverfi og eins og áður segir eru þau fermingarsystkin, fermd að Útskálum 16. maí 1916. „En þannig hagaði til að við gengum til prests að Útskálum, og síðustu dagana fyrir fermingu gengum við daglega þangað ásamt fermingarsystkinum okkar frá Sandgerði, Garði, Keflavík og úr Höfnum. Veturinn 1936 bjuggu þau í Keflavík, vegna þess að ekki var búandi í gamla bænum og núverandi hús ekki byggt. En einmitt í þeirri ferð misstu þau eina dóttur sína í Ungóbrunum í Keflavík.

Erfiðari lífsbarátta

Guðmundur sagði að lífsbaráttan hefði verið mjög erfið hér áður fyrr. „Ég held að fólk myndi bara ekki leggja það á sig sem við gerðum hér áður fyrr. Brauðstrit var margfalt meira þá en nú. Það þurfti oftast að bera á bakinu það sem ná þurfti í til heimilisins að vetrinum. Þá var til dæmis allt borið á bakinu

inn að Sandgerði, og það var erfið.“

Bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsbóndi

„Já, við stunduðum þessi störf jafnhliða. Hér var róid á vertíðum bæði á opnum bátum og áráskipum, svo eftir að vélar komu í bátana voru gerðir hér út vélbátar, en útgerð hélst að einhverju marki til ársins 1947 hér á Stafnesi. Meðan árabátarnir voru, þá voru vanalega níu menn á hverju skipi og var meiri hluti þeirra heimamenn, en hér gengu oft 4 skip frá Stafnesi í einu. Varð því oft líka að taka aðkomumenn til að manna skipin. Komu þeir alla leið norðan úr Húnavatnssýslu og austan úr Skaftafellssýslu.

Var oftast róid á morgnana þegar þannig útlit var, alveg í birtingu og oftast í landáttum. Voru níu menn á hverju skipi lengi framan af og þá var róid með fjögur og hálf bjóð og voru 500 krókar á hverju bjóði. Sáu tveir menn um beitningu og var bjóðageymslan hér heima og þaðan þurfti að bera bjóðin niður að sjó og heim aftur á kvöldin.

Sjómennirnir fengu kaffi á morgnana áður en lagt var af stað og eina flatköku með og meira fengu þeir ekki, og aldrei var farið með bita á sjóinn fyrstu árin sem ég reri hérna á áráskipum. Það þótti lítillt að þurfa að borða á sjó. Oftast stóð sjóferð yfir fram í dimmingu á kvöldin og þá var gert að aflanum niður frá áður en hann var borinn heim á bakinu. Þá fyrst fengu menn kaffi og með því. Stóð aðgerð oft langan tíma og

var þetta gert hvernig sem stóð á sjó þegar komið var að. Aflanum var skipt strax milli manna og var skipt í 11 staði, þannig að útgerðin fékk tvo hluti, en mannskapurinn hina hlutina.

Um landbúnaðinn sagði Guðmundur: „Hér hefur ekkert fé verið síðan 1949, að skorið var niður vegna mæðuveikinnar, einnig kom þá Varnarliðið og afreittir okkar lentu undir varnarsvæðum og því misstum við þau. En kúabúskapur var hérna til 1967, en þá hætti ég öllum búskap.“

Söltuðum allan fisk sjálfir

Meðan Guðmundur var með útgerð saltaði hann allan afla á Bala, líka meðan hann gerði út Skirni, en þá var aflinn fluttur frá Sandgerði, en annars var hann lagður upp á Stafnesi.

„Fyrst framan af var hann einnig vaskaður og þurrkaður þar út frá og því ekkert flutt út öðruvísi en full verkað. Sá heimilisfólkið um verkunina, en eins og áður segir var fenginn aðkomumannskapur til viðbótar á bátana. Fyrstu árin okkar hjónanna verkuðum við sjálf fiskinn með heyskapnum hér á sumrin líka. Loftur Loftsson keypti fiskin hér á sumrin og sótti hann hingað frá Sandgerði, sama var um Ólaf Ófeigsson í Keflavík og Ágúst Flygenring í Hafnarfirði. Þeir sóttu allan fisk sem þeir keyptu af okkur. Ekki þurfti að pakka honum, heldur var hann fluttur laus.“

Gerðu út Skirni frá Sandgerði

Um 5 ára skeið gerði Guðmundur út ásamt sonum sínum rúmlega 20 tonna bát sem bar nafnið Skirnir. Þessi bátur var upphaflega frá Ísafirði og fluttur inn notaður af Bárði Jónssyni, skipasmíð á Ísafirði, 1917. Það vissi enginn hvað hann var raunverulega gamall.

„Eins og ég hef áður sagt hætti útgerð á vertíðum hér 1947, en eftir það hefur verið gert út á smábátum yfir sumarið og er enn, en ég er löngu hættur að róa, alla vega svona 20 ár síðan. En nú eru gerðir út hér á Stafnesi tveir dekkbátar. Á sonur minn annan bátinn og hefur hann byrjað róðra eftir tíðinni svona í mars-apríl, og enn hefur hann ekki sett á land.“

Bjuggu til eigin hafnarmannvirki

„Þessar framkvæmdir hófust með því að hér var hlaðinn upp grjótgarður, dálitill veggur svona. Svo fórum við fram á það að við fengjum einhverja fjárveitingu til þess að gera hérna lendingarbætur, því aðstaðan var ómöguleg, allt varð að bera á bakinu. Stóð nokkuð lengi í stappi með það, en ég held að ég verði að segja, að Geir Gunnarsson alþingismaður, sem var formaður fjárveitinganefndar, hefur verið mjög jákvæður í þessu hjá okkur, alveg framúrskarandi.

Við fengum fjárveitingu þannig að við vinnum þetta og fer það upp í það sem hreppurinn átti að borga móti fjárveitingunni frá ríkinu. Þarf hreppurinn því ekkert að láta út í sambandi við þetta. Þessi hafnarmannvirki eru í eigu landeigenda hér á Stafnesi, þ.e. Bala, Stafnesi og Nýlendu. En þeir síðast nefndu hafa ekki haft aðstöðu til að vinna að þessu og því hafa aðallega tveir menn, sonur minn Guðmundur, og Leifur Guðjónsson á Stafnesi, unnið að þessu, en ég hef aðeins aðstoðað þá. Er nú hægt að landa hér alveg niður í hálfallið, en ekki á fjöru. Er því feiknarlega mikil bót af þessu.“



**KEFLA
VÍKUR-
VERKTAKAR**

*senda starfsmönnum sínum og öðrum
Suðurnesjamönnum
bestu óskir um gleðileg jól,
gott og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samstarfið
á árinu sem er að líða.*



Bala á Stafnesi